



DELTA KAPPA GAMMA

Félag kvenna í fræðslustörfum

Framkvæmdaáætlun starfstímabilið 2009–2011

Endurskoðuð í ágúst 2010

Yfirfarinn apríl 2011

Að hluta til byggist áætlunin á þema Alþjóðaforsætans starfstímabilið 2008–2010:

From vision to action – activate your vision

Þema Alþjóðaforsæta starfstímabilið 2010-2012 er

Embracing Our Vision – Designing Our Future

Þema Landssambandsins 2009-2010:

“Góðir hlutir gerast” í fræðslumálum

Undirþema Landssambandsins 2010-2011:

Fagvitund í fyrirrúmi

“Góðir hlutir gerast” í fræðslumálum

1. Efnt verði til umræðu um það sem vel er gert í fræðslumálum
2. Þemað tekið til umfjöllunar á Vorþingi í Reykjavík 17.apríl 2010 og á Landssambandsþingi á Suðurnesjum vorið 2011.
Yfirskrift vorþings 2010 var Góðir hlutir gerast .

Framkvæmt

Framkvæmt

Fagvitund í fyrirrúmi verður yfirskrift vetrarins 2010-2012 og Landssambandsþingsins vorið 2011. Áfram verður farið yfir góða hluti.

Framkvæmt

Útbreiðslumál

1. Unnið verði að stofnun nýrra deilda samtakanna og er það tveggja ára verkefni.
- **Lamdadeild stofnuð í október og Mý deild í apríl**
2. Viðhalda fjölda í deildum og gæta þess að félagskonur séu virkir félagar.
Fjölgun í deildum félagsins á landsvísu er 23 konur í ágúst 2010, sjá töflu um fjölda félagskvenna.

Framkvæmt

Framkvæmt

- Því beint til deilda að gera könnun um ástæður þess að konur komi ekki á fundi, hvort starfið þyki ekki áhugavert, hvers vegna það fái ekki forgang og um það hvað konur vilji fá út úr DKG osfrv. Bent er á að nokkrar deildir hafa farið í slíka innri skoðun reglulega. **Framkvæmt**
 - **Deildir hafa verið í naflasskoðun og því verður beint til félaganefndar að skoða málið áfram með formönnum deilda.**
3. Vanda val við inntöku nýrra félagskvenna. Reynsla þeirra og menntun sé af ólíkum uppruna og þær sinni ólíkum störfum sem tengjast menntageiranum. **Framkvæmt**
- **Þetta hefur verið gert**

Útgáfu- og upplýsingamál

Framkvæmt/Er í vinnslu

1. Auka virkni vefsíðna DKG, bæði síður Landssambandsins og deilda.
 - Skoða hvernig félagskonur verða virkari við að nýta sér efni sem aðgengilegt er á heimasíðu alþjóðasamtakanna og íslensku vefsíðunni.
 - Fylgjast með hvernig íslensk útgáfa handbókar samtakanna sem hefur verið endurskoðuð og sett á vefinn gengur í þessu umhverfi, hvort hægt er að láta vefútgáfu nægja.
 - Endurskoða hvernig við virkjum félagskonur til að lesa vefútgáfur reglulega: Fréttabréfið, News, Bulletin og Euforia.
 - Formenn/stjórnir deilda hafi forgöngu um að vekja athygli á efni vefsins td koma með eitthvað efni á hvern fund úr fréttablaðinu.
 - Búa til vefhópa innan deilda til að kanna hvað eigi að gera
 - Hver deild hafi kynningu á vefnum á a.m.k. einum fundi á tímabilinu
2. Endurskoða útgáfu fréttabréfsins.
 - Endurskoða vefútgáfu og athuga hvort konur eigi að óska eftir að fá prentað eintak í pósti.
3. Formenn taki þátt í endurskoðun um hvernig gera eigi félagatalið aðgengilegt á íslensku vefsíðunni.
4. Auknar upplýsingar um og fyrir konur í samtökunum á vefnum
 - Upplýsingar um möguleika félagskvenna til að afla sér menntunar verði betrubættar.
 - Upplýsingar um hvað konur innan samtakanna eru að fást við.

Innlend samskipti

1. Deildir eru hvattar til að efla samvinnu sín í milli. **Framkvæmt /Er í vinnslu**
 - t.d. með sameiginlegum fundum, stofnun vinadeilda, enn frekari skiptum á upplýsingum um starfið í viðkomandi deild, heimsóknum á fundi í öðrum deildum þegar tækifæri gefast til eða að vinna að sameiginlegum verkefnum. Athugað verði hvernig hægt er að nýta vefinn til að auðvelda þessi samskipti.
2. Félagskonur verði virkari að miðla efni hver til annarrar, bæði innan og milli deilda. **Er í vinnslu**
 - *Útbúinn verði listi yfir konur sem eru tilbúnar með ákveðið efni.*
3. Landssambandsforseti heimsæki sem flestar deildir á tímabilinu. **Framkvæmt**
 - **Forseti heimsótti allar deildir að minnsta kosti einu sinni.** **Framkvæmt**

Erlend samskipti

1. Íslenskar konur verði tilnefndar í alþjóðanefndir á vegum samtakanna. **Framkvæmt**
 - **Fimm konur voru valdar í alþjóðanefndir, Education Excellence, Leadership, Membership, Educator's Award og Editorial Board**
2. Félagskonur hvattar til þess að gefa kost á sér til fyrirlestrahalds á erlendum vettvangi samtakanna. **Er í vinnslu**

Styrkir

1. Deildir og einstaka félagskonur verði hvattar til þess að kynna sér margvíslega möguleika til styrkveitinga alþjóðasamtakanna bæði til náms og verkefna. Bæði innan og utanlands. **Framkvæmt**

- Tvær konur hlutu námsstyrk, ein úr Gammadeild og ein úr lotadeild/ Fimm konur sóttu um íslenska námsstyrkinn.
- 2. Reglur námsstyrkjasjóðs verði endurskoðaðar
- 3. Bæklingi um styrki til námsmanna sem ekki eru félagsmenn, sem hefur verið útbúin fyrir Alþjóðasamtökin verði dreift til menntastofnanna. Verður að fara í gegnum Fullbrightstofnun.

**Var búið
Óframkvæmanlegt**

Endurskoðun laga DKG

Framkvæmt

1. Lög og reglur Alþjóðasambandsins eru í endurskoðun og mun það hafa einhver áhrif hér heima. Þessi mál verða í höndum laganefndar, lögsögumanns og Sigrúnar Klöru Hannesdóttur
 - Ný lög voru samþykkt í Spokane og bíður mikil þýðingarvinna þessum öðlingskonum í vetur. Ný lög og reglugerð lögð fram í vor.
2. Handbókin verður því áfram í endurskoðun með tillit til lagabreytinga og mun Handbókarnefnd, Sigrún Jóhannesdóttir og Ingibjörg Einarsdóttir, því verða að störfum áfram.
 - Endurskoðun mun fara fram jafnt og þétt í vetur á öllu innra starfi sambandsins, nefndum og rætt á landssambandsþinginu í vor.

Er í vinnslu

Lagafrumvörp

Er í vinnslu

1. Einstakar deildir og Landssambandið fylgist með gerð laga og reglugerða um málefni sem samtökin vilja láta sig varða um skólamál, önnur menntamál, menningarmál og velferðarmál í íslensku samfélagi og sendir umsagnir sínar og ábendingar til viðkomandi aðila.
 - Þarna megum við taka okkur á, en í upphafi voru samtökin mjög virk á þessum vettvangi. Samstarf við Skottarnar eru ef til vill skref í rétta átt.
 - Stefna að því að verða umsagnaraðilar um frumvörp og lög um mál sem snúa að fræðslumálum.

Námskeið

1. Landssambandið undirbúi leiðtoganámskeið fyrir konur í fræðslustörfum.
 - Sótt verði um styrk til Alþjóðasambandsins
 - Sótt var um styrk , námskeið haldið haustið 2010.

**Er í vinnslu
Framkvæmt**

Athuga með ýmis námskeið eða vinnustofur innan samtakanna. (t.d. örnámskeið, netnámskeið, í tengslum við þing). Skoðað með menntanefnd.

Viðurkenningar til samfélagsins

Er í vinnslu

1. Deildir kynni sér sérstakt framlag kvenna til samfélagsins fyrr og nú, t.d. í nærsamfélagi þeirra.
2. Deildir veki athygli á framlagi kvenna til mennta-, menningar- og velferðarmála og ýmissa annarra samfélagsmála í nærsamfélagi þeirra, t. d. með því að heiðra konur á stórafmælum deilda eða með öðrum hætti.
 - (H)rós fyrir störf, loka náms ofl.
3. Viðurkenning veitt um það sem vel er gert í fræðslumálum eða umfjöllun um fræðslumál, samanber þema tímabilsins.
 - t.d. í hverjum landshluta, á hverju ári eða á Landssambandsþingi, t.d. núna á Suðurnesjum. Fjölmíðlaviðurkenning í héraði, viðurkenning deilda.
4. Verkefni síðustu stjórnar (um nýja kennarann) er fylgt eftir með því að veita ungum kennurum viðurkenningu og hvetja þá til dáða.
 - Þarna megum við taka okkur taki. T.d. styðja við bakið á fullorðinsfræðslu.